

LÖG

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- a. Á eftir 47. gr. laganna kemur ný grein, 47. gr. a, svohljóðandi:

Ökumanni vélknúins ökutækis er við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjálts búnaðar.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um notkun annars fjarskiptabúnaðar og svipaðs búnaðar við akstur.

- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Notkun farsíma og annars fjarskiptabúnaðar.**

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2001. Eigi skal refsa fyrir brot gegn 1. gr. fyrr en ár er liðið frá gildistöku laganna.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.